

FUNDUR Í FRAMKVÆMDARÁÐI SNÆFELLSNESS

11. fundur ráðsins haldinn

miðvikudaginn 28. október 2005 kl. 13:30 – 16:30

að Vegamótum í Eyja- og Miklaholtshreppi

Á fundinn mættu Guðrún Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar guðrun@hellnar.is Róbert Stefánsson, fulltrúi Stykkishólmsbæjar robert@nsv.is Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar finsen@soffi.is Þórunn Sigþórsdóttir, umhverfisfulltrúi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi thorunn@nsv.is Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar dagny@stykkisholmur.is Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar hildibrandur@simnet.is Lydía Rafnsdóttir, fulltrúi Snæfellsbæjar lydia@centrum.is Hrefna Birkisdóttir, varamaður Eyja- og Miklaholtshrepps vegamat@esso.is, Ingibjörg Torfhildur Pálsdóttir, varamaður Grundarfjarðarbæjar framnes@hotel-framnes.is Forföll boðuðu Ástþór Jóhannesson, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps salmo@islandia.is, Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls gudbjorg@ust.is, Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar theyr@bref.is.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhagsáætlun fyrir 2005
 2. Framkvæmdaáætlun – yfirfarin og næstu verkefni rædd
 3. Skilti við Kirkjufell – tilboð frá NSV yfirfarið
 4. Bæklingur – ritnefnd kemur með tillögur
 5. Umhverfisráðstefna í apríl á næsta ári – gerður rammi – komið endilega með niðurskrifaðar tillögur að efni, umfjöllun, umgjörð, tillögur að fyrirlesurum, o.fl.
 6. Mál Framkvæmdaráðs, kt. o.fl. rætt
 7. Önnur mál
1. Fjárhagsáætlun, sem kynnt voru drög að á síðasta fundi, var lögð fyrir ráðið og samþykkt að senda hana til Héraðsnefndar Snæfellsness.
 2. Farið var yfir framkvæmdaáætlunina og imprað á nokkrum atriðum sem verið er að vinna að og því sem ætlunin er að fjalla um á næstunni. Narfeyrarstofa í Stykkishólmi og Hildibrandur í Helgafellssveit stefna að því að skrá sín fyrirtæki á vef Green Globe 21 til að geta byrjað að vinna að því verkefni að fá vottun.

- Kynna þarf Green Globe 21 verkefnið til almennings og eru ýmsir klúbbar sem starfræktir eru í bæjarfélögunum kjörinn vettvangur til þess. Rotary klúbbur Ólafsvíkur og Lions klúbbur Neshreppinga hafa þegar fengið fyrirlesara til sín. Þórunn tók að sér að senda bréf til helstu klúbba á Snæfellsnesi og bjóða þeim upp á að fá kynningu á verkefninu. Athuga þarf hvort til séu einhverjar upplýsingar um rannsóknir á votlendi á Snæfellsnesi og tekur Róbert það að sér.
3. Róbert Stefánsson kynnir tilboð vegna Kirkjufells –skiltisins sem verður að ganga frá nú fyrir áramótin. Vangaveltur um hvort henti betur að hafa skiltin tvö, annars vegar skilti um jarðfræði Kirkjufellsins og hins vegar fuglalíf í kringum það, í stað þess að hafa allar þessar upplýsingar á einu skilti. Einnig eru nefndarmenn beðnir um að skoða nýtt skilti við Kolgrafarfjörð með tilliti til útlits. Brýnt er að flýta þessari vinnu og klára sem mest fyrir áramót. Fá þarf heildarkostnað á skiltinu eða skiltunum fyrir 15. nóvember og miða skal við að hafa texta á 3-4 tungumálum, þ.e. íslensku, ensku, þýsku og jafnvel frönsku. Samþykkt að formaður fái heimild til að ganga til samninga við Náttúrustofu Vesturlands, þegar skýrari kostnaðaráætlun liggur fyrir.
 4. Guðrún kynnir drög að bæklingi sem koma á út fyrir mars 2006 og ætlar hún að senda drögin til nefndarmanna til athugunar, leiðréttingar og viðbóta ef þarf. Áætlað er að hann verði í þremur hlutum, þar sem fjallað verður um suðurhluta Snæfellsness, Þjóðgarðinn og norðurhluta Snæfellsness.
 5. Umhverfisráðstefnan sem fyrirhuguð er 22. apríl 2006. Verkefnið þarf að höfða til íbúanna á svæðinu. Athuga hvort gott væri að hafa Hvataaðila(?) og reyna að vekja athygli á ráðstefnunni. Fá þekktan aðila til að halda tölu, íslenskan eða erlendan, jafnvel fara í skoðunarferð um svæðið eftir ráðstefnuna. Guðrún Bergmann ætlar að setja upp ramma um málið. Rætt verður betur um þetta á næsta fundi.
 6. Dagný og Sigríður lögðu fram tillögu um að Framkvæmdaráðið verði nefnd innan Héraðsnefndar Snæfellinga .. Þessi ráðstöfun mun litlu breyta um starfsemi Framkvæmdaráðsins. Tillagan var samþykkt og verður tekin fyrir á næsta fundi Héraðsnefndarinnar.
 7. Verkefnið “Vistvernd í verki” rætt. Mikilvægt er að hafa öll sveitarfélögin með í því. Stykkishólmsbær og Grundarfjörður eru nú þegar komin af stað í verkefninu og verða visthópar stofnaðir þar á næstunni.

Fundi slitið kl 16. Næsti fundur áætlaður í janúar og dagsetningin verður ákveðin síðar.

Fundarritari: Lydía Rafnsdóttir.